

Föstudaginn 2. apríl 1971.

Nr. 39/1971. **Marinó Jónsson**
 gegn
Verzlunarbanka Íslands h/f.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Marinó Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Verzlunarbanka Íslands h/f, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. apríl 1971.

Nr. 120/1969. **Friðjón Gunnar Friðjónsson**
 (Ingi R. Helgason hrl.)
 gegn
Veitingahúsinu Nausti h/f
 (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir **Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Gízur Bergsteinsson** og prófessorarnir **Árman Snævarr og Gaukur Jörundsson.**

Skaðabótamál. Félagsdómur.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1969 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 19.719.18 bætur fyrir tapaðar vinnu-

tekjur og kr. 20.000.00 miskabætur, samtals kr. 39.719.18, ásamt 8% ársvöxtum frá 13. júlí 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það ber undir Félagsdóm að dæma um skaðabætur á hendur aðilja fyrir brot gegn 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, sbr. 44. gr., 1. tl., 47. gr. og 65. gr. laganna.

Það er hins vegar á valdsviði hinna almennu dómstóla að dæma um, hvort starfsmaður eigi bótarétt á hendur vinnuveitanda, vegna þess að honum hafi verið sagt upp starfa með of skömmum uppsagnarfresti.

Stefndi sagði áfrýjanda með bréfi 28. marz 1966 upp starfa sínum, þannig að störfum hans skyldi ljúka hinn 30. apríl 1966. Eigi er ágreiningur um, að uppsagnarfrestur í vinnuskiptum aðilja hafi verið einn mánuður, miðað við mánaðamót, en áfrýjandi telur sig hafa átt „sammingsbundinn uppsagnarfrest frá þeim degi, er hann var látinn hætta störfum í Nausti og annar maður tók við hans störfum“. Á þetta verður ekki fallizt. Telja verður, að uppsögnin hafi verið með löglegum fyrirvara. Ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda um bætur vegna of skamms uppsagnarfrests.

Ákvæði héraðsdóms um miskabætur til handa áfrýjanda er reist á þeim misskilningi dómara, að honum beri að leggja dóm Félagsdóms frá 13. júlí 1966 til grundvallar sínum dómi. En þar sem stefndi hefur lýst því með kröfugerð sinni hér fyrir dómi, að hann vilji una niðurstöðu héraðsdómsins, eru eigi efni til að breyta honum. Ber því að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. apríl 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. apríl s.l., hefur Friðjón Gunnar Friðjónsson framreiðslumaður, Safamýri 34, Reykjavík, höfðað á hendur Geir Zoëga jr. framkvæmdastjóra f. h. Veitingahússins Nausts h/f, Vesturgötu 6-8, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 14. september 1966.

Hákon Guðmundsson, yfirborgardómari í Reykjavík, vék sæti í málinu með úrskurði 22. marz 1968. Dómurinn er kveðinn upp af Ásgeiri Thoroddsen, setudómara samkvæmt skipunarbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 10. október 1968.

Stefnandi hefur krafizt þess, að hið dæmda félag verði dæmt til þess að greiða honum kr. 42.472.08 vegna tapaðra vinnutekna og auk þess kr. 20.000.00 í miskabætur vegna ólögmætrar uppsagnar, eða alls kr. 62.472.08. Þá hefur stefnandi krafizt 8% ársvaxta af nefndri fjárhæð frá 13. júlí 1966 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Stefnandi rekur málavexti þannig í stefnu:

„Með bréfi, dags. 28. marz 1966, var stefnanda, sem var þá trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna í Veitingahúsinu Nausti, sagt upp starfi sínu sem framreiðslumanni í veitingahúsinu frá 30. apríl sama árs að telja. Af hálfu Félags framreiðslumanna var uppsögninni mótmælt sem ólögmætri og þess krafizt, að stefnandi yrði tekinn aftur til vinnu í Nausti. Hið stefnda félag hélt hins vegar fast við ákvörðun sína, og höfðaði þá Alþýðusamband Íslands vegna Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðjóns Gunnars Friðjónssonar mál fyrir Félagsdómi á hendur Sambandi veitinga- og gistihúsa-eigenda f. h. Veitingahússins Nausts h/f vegna þessa. Dómur í því máli gekk hinn 13. júlí s.l. (1966), og var uppsögnin dæmd ólögmæt, en hins vegar sýknað af kröfu um, að Naust h/f tæki stefnanda aftur í þjónustu sína. Meðan á rekstri málsins stóð, var stefnandi atvinnulaus, en strax og úrlausn Félagsdóms lá fyrir um, að hann yrði ekki tekinn til starfa að nýju hjá hinu stefnda félagi, hófst hann handa um að afla sér annars starfs, og tókst það fljótlega“.

Stefndi hefur ekki gert athugasemdir við þessa málavaxtalýsingu stefnanda.

Rétt þykir í forsendum þessa dóms, að fram komi afstaða Félagsdóms og dómsorð í tilvitnuðu máli, sem er á þessa leið:

„Þegar litið er til framangreindrar tilkynningar Félags framreiðslumanna, dags. 10. apríl 1965, um val á trúnaðarmanni í Veitingahúsinu Nausti og bréfa þeirra, sem áður er getið, frá forstjóra veitingahússins til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar í maímánuði 1965, verður með vísun til þess, sem áður er rakið, að telja, að hann hafi af hálfu veitingahússins verið samþykktur sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustað samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/1938. Hinn 17. marz þ. á. nefndi Félag framreiðslumanna Friðjón Gunnar enn til trúnaðarmannsstarfa á sama stað. Af hálfu veitingahússins var eigi gerð athugasemd við þá útnefningu, og eigi var af þess hálfu krafizt aðstöðu til vals á trúnaðarmanninum samkvæmt 9. gr. nefndra laga. Var Friðjón Gunnar því áfram trúnaðarmaður félags síns á vinnustað og gegndi þeim starfa með réttindum og skyldum samkvæmt 9.—11. gr. sömu laga, þegar honum var sagt upp starfi hinn 28. marz s.l.

Í uppsagnarbréfinu til Friðjóns Gunnars er ekki getið neinnar ástæðu til uppsagnarinnar. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, er að því lúti, að hún eigi rætur að rekja til trúnaðarmannsstarfa hans. Ágreiningslaust er, að ekki er um þá fækkun á starfslíði að ræða, sem orðalag 2. málsl. 11. gr. laga nr. 80/1938 tekur beint til. Hinsvegar verður að skýra ákvæði þessa málsliðar svo, að hann feli í sér reglu, er takmarki rétt vinnuveitanda til þess að segja trúnaðarmanni upp starfi, enda þótt gætt sé lögmæts uppsagnarfrests, þegar svo stendur, eins og hér er um að tefla, að ætlunin er að ráða annan starfsmann í stað trúnaðarmannsins. Þessi skýring á 2. másl. 11. gr. skýtur þó ekki loku fyrir það, að trúnaðarmaður verði sem aðrir starfsmenn að hlíta uppsögn fyrir misferli í starfi eða brot á þeim starfsreglum á vinnustað, sem starfsmönnum þar er almennt skylt að fylgja.

Svo sem áður er greint, hefur stefndi í flutningi máls þessa haldið því fram, að Friðjón Gunnar hafi brotið svo af sér í starfi sínu sem framreiðslumaður, að gildar ástæður hafi verið til uppsagnar, hvort sem hann var trúnaðarmaður eða ekki.

Hefur hann fært fram eftirtaldar ástæður, og kemur þá til álita, hvað fram er komið um þessi atriði:

1) Seinlæti í afgreiðslu og tregða við að framfylgja settum starfsreglum.

Eigi liggja fyrir gögn, er hleypi stoðum undir áðurgreindar staðhæfingar stefnda, að því er þessi atriði varðar, og verður

lögmæti uppsagnar Friðjóns Gunnars eigi byggt á misbrestum af hans hálfu í þessum efnum.

2) Óstundvísi og fjarvistir.

Fyrir dóminn hafa komið þrjú framreiðslumenn í Nausti, þeir Bjarni Bender, Sigurður Friðriksson og Símon Sveinn Sigurjónsson, og gefið skýrslu um þessi atriði. Verða vætti þeirra nú rakin:

Bjarni Bender yfirþjónn segir, að Friðjón Gunnar hafi verið áberandi óstundvís og stundum komið hálfri klukkustund of seint. Hafi þessarar óstundvísi gætt á hinum ýmsu starfstímabilum dagsins og á henni borið, allt frá því er Friðjón Gunnar hóf störf í Nausti árið 1960, en vitni þetta kveðst hafa starfað með honum allan þann tíma og lengst af sem yfirþjónn. Segir Bjarni, að Friðjón Gunnar hafi skorið sig úr um óstundvísi, þótt slíkt hafi af og til hent aðra framreiðslumenn veitingahússins. Oftast hafi hann gert viðvart, ef hann kom alls ekki til vinnu, en stundum hafi þó brugðið út af því, og oft hafi hann tilkynnt fjarveru sína með svo stuttum fyrirvara, að erfitt hafi reynzt að fá mann í hans stað. Bjarni kveðst fyrir um það bil 2 árum hafi rætt um óstundvísi Friðjóns Gunnars við hann sjálfan og hafi tilefnið verið kvartanir annarra þjóna veitingahússins, sem taka þurftu vaktir af honum.

Sigurður Friðriksson segir, að það hafi oft komið fyrir, að Friðjón Gunnar hafi komið of seint til vinnu og stundum alls ekki og þá ekki alltaf tilkynnt fjarveru sína. Kveðst Sigurður stundum hafa þurft að taka á sig auk síns venjulega starfs þá vinnu, er Friðjón Gunnar hafi átt að leysa af hendi. Hann kveður, að borið hafi á óstundvísi Gunnars öll þau 5 ár, sem þeir hafi unnið saman, og kveðst Sigurður hafa kvartað yfir henni við yfirþjóninn. Hann kveður Friðjón Gunnar hafa skorið sig úr um óstundvísi.

Símon Sveinn Sigurjónsson segir, að Friðjón Gunnar hafi oftast en einu sinni komið of seint til vinnu og honum jafnvel þá dvalizt við snyrtingu, eftir að hann kom á vinnustað, áður en hann hóf vinnu. Hann segir, að sérstaklega hafi borið á óstundvísi Friðjóns Gunnars á 2. og 3. starfsári hans og svo aftur á s.l. vetri.

Friðjón Gunnar Friðjónsson hefur viðurkennt, að hann hafi nokkrum sinnum komið of seint til vinnu og að hann hafi eitt sinn hringt í núverandi forstjóra, hálf tíma áður en hann átti að vera til staðar við vinnu, og beðið um frí vegna veikinda konu sinnar og hafi hann fengið það. Hann kveðst hinsvegar ekki

hafa verið óstundvísari en aðrir framreiðslumenn veitingahússins. Hann segir, að fyrrverandi forstjóri hafi aldrei fundið að neinu við sig, en núverandi forstjóri hafi einu sinni rætt við sig út af einu tilfelli, er hann kom of seint á s.l. vetri, og áminnt sig út af því tilviki. Í annað sinn hafi forstjórinn rætt við alla framreiðslumennina sameiginlega og beðið þá um að koma stundvíslega til vinnu.

Forstjóri Nausts h/f, Geir Zoëga jr., sem gefið hefur skýrslu fyrir dóminum, segist hafa talað við alla þjónana sameiginlega um nauðsyn þess, að þeir kæmu stundvíslega til vinnu. Hann kveðst auk þess hafa talað tvisvar við Friðjón Gunnar um óstundvísi hans, en hann hafi skorið sig úr í því efni. Hafi fyrra samtalið átt sér stað í október eða nóvember 1965, en hið síðara í janúar eða febrúarmánuði s.l. og hafi hann í síðara skiptið komizt svo að orði, að hann yrði að taka til annarra ráða, ef ekki yrði breyting til batnaðar af hálfu Friðjóns Gunnars, en ekki skýrt nánar, hvað í því fælist, né heldur tjáð honum, að það mundi varða uppsögn, ef hann bætti ekki ráð sitt.

3) Útgáfa innstæðulausrar tékkávísunar.

Við reikningsskil kvöld eitt í marzmánuði s.l. greiddi Friðjón Gunnar með ávísun úr eigin tékkhefti, að fjárhæð kr. 2.470.00 í stað peninga, sem hann hafði veitt viðtöku fyrir veitingar. Ávísun þessa innleysti viðskiptabanki veitingahússins næsta dag, hinn 12. marz, en hinn 17. s. m. tilkynnti Seðlabanki Íslands, að eigi hefði verið innstæða fyrir nefndri tékkávísun. Friðjón Gunnar segir, að hér hafi verið um mistök hjá sér að ræða, er stafað hafi af samlagningarskekkju í tékkhefti sínu, og hafi hann kippt þessu strax í lag hjá viðskiptabanka sínum, er veitingahúsið skýrði honum frá tilkynningu Seðlabankans. Forstjóri Nausts kveður, að litið hafi verið á þetta alvarlegum augum af hálfu veitingahússins, enda hafi þetta ekki verið einsdæmi af hálfu Friðjóns Gunnars.

Friðjón Gunnar segist iðulega hafa við reikningsskil greitt með eigin tékkávísunum og hafi aldrei verið að því fundið, en hann kveðst ekki minnst þess, að það hafi nokkur tíma komið fyrir, að eigi væri fyrir hendi næg innstæða fyrir þeim, og hefur þeirri staðhæfingu hans eigi verið hnekkt af stefnda.

Um 2. og 3.

Réttmætt er, að vinnuveitandi geri þá kröfu til trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað, að hann gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja sjálfur réttum starfsreglum á vinnustað

og þeim fyrirmælum kjarasamninga, sem hann er settur til að gæta, að framfylgt sé af hálfu vinnuveitandans. Verður að telja, að misbrestur í þeim efnunum af hálfu trúnaðarmanns geti veitt vinnuveitanda heimild til þess að segja trúnaðarmanni upp störfum þrátt fyrir þá sérstöku vernd honum til handa, sem leiða verður af ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938, að því er uppsögn úr starfi varðar. Nú verður að vísu að telja sannað, að all mjög hafi á það skort, að Friðjón Gunnar gætti þeirrar stundvísí í starfi sínu, sem honum var skylt, og að það hafi hent hann að tilkynna ekki forföll með hæfilegum fyrirvara. En þar sem hann var trúnaðarmaður, telur dómurinn, að forstjóri Nausts h/f hefði átt að tjá honum skýlaust, að það gæti varðað uppsögn, ef hann bætti ekki ráð sitt. Gildir þetta því fremur, þar sem óstundvísí Friðjóns Gunnars hafði lengst af starfstíma hans verið látin óátalin og stundvísí almennt, að því er virðist, verið nokkuð ábótavant á þessum vinnustað. Ljóst er af gögnum málsins, að Friðjóni Gunnari hefur eigi verið veitt þess konar áminning eða viðvörðun, sem að framan greinir.

Útgáfu framangreindrar innstæðulausrar tékkávísunar verður að telja ámælisverða. En þegar tekið er tillit til þess, að eigi var um stærri fjárhæð að ræða og að Friðjón Gunnar leiðrétti strax mistök sín, þykir þetta atvik eigi alveg nægilegt til þess að réttlæta uppsögn trúnaðarmanns, enda er eigi sannað, að þetta hafi áður hent Friðjón Gunnar, og ætla verður af því, sem fram er komið í málinu, að forráðamenn veitingahússins hafi látið það viðgangast óátalið, að framreiðslumenn þar afhentu eigin tékkávísanir við reikningsskil að kvöldi dags til lúkningar á innkomnum tekjum af veitingasölu þann dag.

Með vísun til framanritaðs telur dómurinn, að framangreind uppsögn Nausts h/f hafi verið brot á meginreglu 2. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmat gagnvart Friðjóni Gunnari Friðjónssyni.

Eins og atvikum og málavöxtum er farið, þykir þó mega fella niður refsingu á hendur Nausti h/f fyrir brot á nefndu ákvæði. Eigi verður talið, að lög, meginreglur íslenskra laga eða samningar skyldi Naust h/f til þess að taka Friðjón Gunnar aftur í þjónustu sína, og ber að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

1. Uppsögn Nausts h/f, dags. 28. marz þ. á., til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar var ólögmat.
2. Stefndi, Naust h/f, á að vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.
3. Stefndi, Naust h/f, á að vera sýkn af kröfu stefnanda um að taka Friðjón Gunnar Friðjónsson aftur í þjónustu sína. Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu“.

Lýkur hér tilvitnun í félagsdóminn.

Stefnandi hefur í máli þessu krafizt bóta fyrir vinnutap á tímabilinu frá 1. maí 1966 til 3. júlí s. á., er dómur Félagsdóms var kveðinn upp, en þá fyrst hafi orðið ljóst, að stefnda var ekki talið skylt að taka stefnanda aftur í vinnu, og þá fyrst hafi honum verið unnt að fastráða sig í vinnu annars staðar. Hafi stefnandi gert það fljótlega eftir uppkvaðningu dómsins. Krafa stefnanda er að fjárhæð kr. 42.472.08, og er upphæðin fundin þannig, að lagt er til grundvallar skattframtal ársins 1966. Samkvæmt því námu tekjur stefnanda hjá Nausti kr. 262.808.00 að viðbættu fæði samkvæmt skattmati í 312 hálfu daga, kr. 8.424.00, eða samtals kr. 271.232.00. Síðan er dreginn frá kostnaður vegna nema, kr. 34.599.90, og verða þá eftir kr. 236.632.10. Í þá upphæð er deilt unnum dögum, eða 312, og gefur það kr. 758.43 í meðaltekjur hvern unninn dag. Hér er um að ræða 74 daga tímabil, en síðan dregnir frá frídagar, alls 12, og tíminn frá 8.—13. júlí, er framreiðslumenn voru í verkfalli. Verður því útkoman 56 dagar á kr. 758.43, eða alls kr. 42.472.08.

Miskabótakröfuna styður stefnandi þeim rökum, að uppsögn vekti ávallt verulega eftirtekt og umtal, og sé hún mjög til þess fallin að rýra álit viðkomandi jafnt í augum almennings sem vinnuveitenda þeirra, er sá, sem fyrir slíku verður, leitar síðar atvinnu hjá. Þá hljóti slíkt umtal og athygli að verða þeim manni sérstaklega óþægilegt, er vinnur starf sitt á fjölsóttum stöðum. Sé því vægt farið í sakirnar með að krefjast kr. 20.000.00 í bætur fyrir þann miska, er hann hafi orðið fyrir vegna hinnar ólögmatu uppsagnar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að enda þótt Félagsdómur hafi talið uppsögn á stefnanda vera brot á meginreglu 2. málslíðar 11. gr. laga nr. 80 frá 1938 og ólögmeta gagnvart honum, þá sé stefndi samt sem áður ekki skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda með hliðsjón af þeim atriðum, sem fram komu í dómi Félagsdóms, sem sé: 1. Að refsing á hendur stefnda hafi verið

látin falla niður, eins og atvikum og málavöxtum var farið. 2. Að kröfu stefnanda um það, að hann yrði aftur í þjónustu stefnda, var synjað. 3. Að talið var sannað, „að all mjög á það hafi skort, að Friðjón Gunnar gætti þeirrar stundvísi í starfi sínu, sem honum var skylt, og að það hafi hent hann að tilkynna ekki forföll með hæfilegum fyrirvara“. 4. Að útgáfa innstæðulausrar tékk-ávísunar af hálfu stefnanda til greiðslu á tekjum stefnda var talin ámælisverð.

Þá segir stefndi, að það, að uppsögnin hafi verið talin brot á meginreglu 2. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt gagnvart honum, sé opinbers réttareðlis eða félagsréttareðlis, en skeri ekki úr um það, hvort stefndi sé skaðabótaskyldur eða ekki. Hafi almennir dómstólar fulla heimild til þess að taka sjálfstæða afstöðu til þessa atriðis, og telur stefndi, að í einkaréttarlegu tilliti hafi uppsögnin verið lögmæt og því eigi stefnandi engan rétt til skaðabóta. Hljóti stefndi að hafa rétt til að ákveða, hvort hann hefur í sinni þjónustu menn, sem sannarlega hafi orðið brotlegir í starfi, fengið áminningu og ekki látið segjast og honum falli e. t. v. ekki við að öðru leyti.

Enn fremur styður stefndi sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi fengið löglegan uppsagnarfrest, og hafi því enga heimild haft til að halda að sér höndum á kostnað stefnda með því að sitja aðgerðarlaus, þar til dómur Félagsdóms gekk. Hafi næg atvinna verið í fagi stefnanda, á meðan hann sat heima. Þá mótmælir stefndi miskabótakröfunni sérstaklega, þar sem stefnandi hafi engum miska orðið fyrir.

Stefnanda var sagt upp störfum með eins mánaðar uppsagnarfresti. Ekki er deilt um lengd uppsagnarfrests. Fram hefur komið, að stefnandi reyndi ekki að verða sér úti um vinnu, fyrir en eftir að dómur Félagsdóms var kveðinn upp, og er því ekki mótmælt, að hann hefði getað fengið vinnu þegar á uppsagnarfresti, enda bendir það, hversu fljótt honum tókst að fá vinnu, er hann reyndi, til þess. Þá hefur verið lagt fram bréf Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, þar sem segir, „að nægileg atvinna var fyrir faglærða framreiðslumenn á veitingahúsum í Reykjavík eftir 1. maí 1966 og út allt árið 1966, og var fremur skortur á faglærðum framreiðslumönnum á framanrituðum tíma“.

Samkvæmt grundvallarreglum íslensks réttar er vinnuveitanda ekki skylt að taka aftur í þjónustu sína mann, sem hann vill ekki hafa sem samstarfsmann sinn. Því verður ekki talið, að stefndi eigi að bera tjón af því, að stefnandi hefst ekki handa um að

fá vinnu, fyrr en raun varð á. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um bætur fyrir missi vinnulauna.

Í títtnefndum félagsdómi var uppsögn á stefnanda talin ólög-
mæt. Þykir stefnandi því hafa unnið rétt til miskabóta, og þykja
þær með hliðsjón af málavöxtum öllum hæfilega metnar kr.
5.000.00. Þá ber stefnda að greiða 7% ársvexti af kr. 5.000.00 frá
13. júlí 1966 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til þess
að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn
kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Veitingahúsið Naust h/f, greiði stefnanda kr.
5.000.00 ásamt 7% vöxtum frá 13. júlí 1966 til greiðsludags.
Þá greiði stefndi stefnanda kr. 2.000.00 í málskostnað, allt
innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að
lögum.

Föstudaginn 2. apríl 1971.

Nr. 210/1970. **Haukur Jónasson**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Trausta Hauki Óskarssyni og gagnsök

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.**

Iðnnámssamningur. Kaup iðnnema. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór Þ. Jónsson setudómari hefur kveðið upp hinn
áfrýjanda dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með